

Fundur skólaráðs í Kópavogsskóla 11. nóv 2021

Mættir á fundinn: Guðmundur, Kristinn, Svanborg, Irena, Birgir, Júlía, Svala, Guðbjörg nemi, Agnes, Jóhannes og Guðný. Sólveig boðaði forföll

Efni fundarins.

- Nemendur og skólustarf:
 - Félagsstörf á skólatíma og starfið í félagsmiðstöðinni
- Húsnæðismál skólans:
 - Frá heimsókn sviðsstjóra menntasviðs og umhverfissviðs
 - Verkefnið framundan
- Upphaf skóladags nemenda
- Endurskoðun skólastefnu Kópavogsskóla

Formenn skólans ásamt Halldóri forstöðumanni Kjarnans fara yfir dagskrána í félagsmiðstöðinni. Irena kynnir sept - nóv dagskrána, Birgir kynnir des og fram á vor dagskrána. Það eru búin að vera venjulegar opnanir þá eru ca 40 nemendur að mæta. Ef það er eitthvað um að vera þá koma allt að 60 manns. Birgir kynnir líka stóru viðburðina hjá Samfés t.d. er landsmót núna um helgina. Dagskrár eru birtar með fyrirvara vegna covid. Dóri segir frá að Samfés séu samtök félagsmiðstöðva á landinu. Viðburðum hefur verið að fjölga. Birgir segir líka frá því að það séu líka sýndarleikagleraugu. Félagsmiðstöðvar í kópavogi eiga 10 gleraugu. Félagsmiðstöðin er búin að vera svolítið stopul. Voru 1 ½ mánuði núna í haust með árganga opnanir. Það sem hefur verið sameiginlegt í Kópavogi var ball sem var tvískipt í efri- og neðri byggð, Lan kvöld. Síðan sem er næst á dagskrá er Landsmótið og Rímnaflæði. Það er engin að keppa frá okkur í Rímnaflæði. Það þurfa allir að fara í hraðpróf fyrir viðburðin. Það var líka óskað eftir hraðpróf fyrir ballið sem var í haust. Nemendur úr Kópavogsskóla komust ekki á það vegna smits.

Dóri segir frá að Kópavogsbær sé annað sveitarfélagið á landinu sem hlýtur þá vottun að vera barnvæn þ.e. að hlusta á raddir ungs fólks samkvæmt gr. í Barnasáttmálanum.

Irena kynnir Nemkó sem er nemendaráð Kópavogsskóla og Félkó er nemendaráð fyrir alla skólana í Kópavogi (níu félagsmiðstöðvar) en þangað fara einn til tveir frá hverjum skóla og hittast einu sinni í mánuði. Það fer einn starfsmaður frá hverri félagsmiðstöð með.

Birgir kynnir Ungmennaráð Kópavogs (Birgir situr í því) Ungmennaráð verður með þing í vor. Síðasta vetur var með öðru sniði þar sem það var covið en það var haldið í skólanum í samstarfi við Kópavogsskóla og tóku allir nemendur á unglingsstigi þátt í því.

Landsmót er núna um helgina. Kópavogsskóli á fimm sæti á Landsmótinu.

og þar eru kosnir formenn fyrir ungmennaráð Samfés. Þetta er eina ungmennaráð á landinu. Þegar það eru fundir þá eru þeim sem búa úti á landi fluttir til Reykjavíkur.

Guðmundur spyr hvað krökkunum finnst vanta. Irena og Birgir tala um að það vanti svo sem ekki neitt. Þau ræða um að hugmyndir vakni upp úr engu.

Svanborg spyr hvort að félagsmiðstöðin sé stundum með eitthver námskeið t.d.

söngnámskeið o.fl. Dóri talar um að Samfés sé stundum með námskeið t.d. fyrir rímnaflæði.

Dóri talar um að það mætti vera meira um þetta í Kópavogi. Það var reynt að koma á Skrekk en það gekk ekki.

Það er búið að ákveða þema fyrir árshátíðina en það verður Gala þema. Það var unnið þannig að bekkjarfulltrúar fóru inn í sýna árganga til að fá hugmyndir og síðan kaus nemendaráðið um það á fundi.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með vinnuna í félagsmiðstöðinni og hvað formenn væru að standa sig vel.

Guðmundur þakkar þeim fyrir kynninguna.

Næst á dagskrá er húsnæðismál Kópavogsskóla.

Guðmundur fékk heimsókn frá húsnæðisdeild Kópavogs til að skoða skólahúsnæði. Það er alveg viðurkennt að húsnæðið er sprungið. Guðmundur sýnir skjalið sem hann og Guðný eru byrjuð að vinna í. Síðan þarf að koma þessari vinnu í gang sem fyrst. Guðmundur talar um að starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur þurfi að vinna að þarfagreiningu saman. Einnig sýnir hann aðeins forsögu að vinnu við byggingarframkvæmd við nýja Kársnesskóla. Það sem við erum að gera er að setja niður okkar þarfir (grunnhugmyndir) áður en það verður fengið arkitekt. Guðmundur sýnir líka teikningar af Kársnesskóla. Vinnan við blokkina á milli Kópavogsskóla og MK á að fara af stað í vor.

Kristinn spyr um hvað við þurfum margar stofur fyrir frístund. Guðmundur talar um að það þurfi að huga að húsnæði fyrir hana. Guðmundur talar um að samhliða stækkun skólahúsnæðisins þá væri hægt að breyta ýmsu hér innanhús til að gera kennslurými betri. Spurt var um leikskólann hér fyrir neðan. Guðmundur ræðir um að í Kársnesi sé gert ráð fyrir því að leikskólinn sé í sama húsi og skólinn. Ýmsar umræður um húsnæðismál og lóðarmál. Guðmundur ræðir um að nemendur þurfa að ræða hvernig þeirra aðstaða gæti verið betri m.t.t. nýs skólahús.

Skóladagatal og hvenær skólinn á að byrja.

Kostir og gallar við að byrja kennslu kl 08:00 eða 08:30. Birgir hefur ekki sterkar skoðanir, bekkjarsystkyni Birgis vilja byrja seinna í skólanum. Júlía sagði frá því að bekkjarsystkini hennar vilja byrja seinna í skólanum. Júlía sagði frá því að unglingar vaka mjög lengi og munu örugglega ekki vaka mikið lengur en fengu að sofa meira ef skólinn byrjaði seinna. Umræða hófst um kosti og galla, hvað eiga íþrótt og tólmstundafélögin að gera ef að skólinn byrjaði seinna á daginn.

Endurskoðun skólastefnu Kópavogsskóla er í undirbúningi og Agnes grenndarfulltrúi vinnur að undirbúningi með skólastjóra. Gert ráð fyrir að vinna hefjist fljótlega.

Veittar voru viðurkenningar fyrir Fjölgreindarleika í sal skólans í beinni útsendingu. Árgangar voru í stofum og voru nemendur í hópi 9 sem voru sigurvegarar kallaðir niður í sal til að taka á móti verlaunapening. Einnig fengur tveir nemendur úr 10. bekk viðurkenningu fyrir hópstjóra hlutverk en það var bíómiði, popp og kók.

Fundi slitið kl. 9:25